

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 12. júlí 2024
Mnr. 2024060003



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Breytingar á gjaldskrá skólasviðs 1.8.2024

Dægradvöl

Gjaldskrá Dægradvalar inniheldur nú eingöngu gjald fyrir vistun. Hressing er því frí.

Skólamat

Í öllum grunnskólunum Ísafjarðarbæjar verður nú boðið upp á frían hafragraut á morgnana og fría máltíð í hádeginu fyrir öll börn. Ekki þarf að skrá barn í skólamat né hafragraut og er fæðið gjaldfrjálst öllum börnum frá 1. ágúst. Ekki verður boðið upp á ávexti og mjólk.

Leikskólar

Mánaðargjald hefur verið lækkað með tillit til þess að nú eru innifaldir í því 204 skóladagar í stað 212. Átta dagar eru því skilgreindir sem skráningardagar og þarf að greiða aukalega af því. Ekki verður veittur systkinaafsláttur af skráningargjaldi.